

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1148/2012

2013/EES/37/07

frá 4. desember 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) og própan-1, 2-díólgínati (E 405) í gerjaða drykki að stofni til úr þrúguþykkni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) og própan-1,2-díólgínati (E 405) var lögð fram 30. júní 2011 og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Aftæknilegum ástæðum er þörf á að nota brennisteinsdíoxíð og súlfít (E 220–228) og própan-1,2-díólgínati (E 405) í gerjuðum drykkjum sem eru að stofni til úr þrúguþykkni. Brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) er bætt við til að stöðva oxun og letja vöxt örvera. Þau koma einnig í veg fyrir óæskilegan gervöxt við eftirgerjun í flöskum. Própan-1,2-díólgínati (E 405) er bætt við til að stöðga froðuna, svo koltvísyringsbólur eyðist ekki, sem gerir froðuna rjómakennndri og endingarbetri.
- 6) Vísindanefndin um matvæli hefur fastsett gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku brennisteinsdíoxíðs og súlfíta (E 220–228)⁽³⁾ og própan-1,2-díólgínats (E 405)

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1

⁽³⁾ http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_35.pdf

⁽⁴⁾ Gerjaðir drykkir sem eru að stofni til úr þrúguþykkni eru áfengir drykkir sem, vegna eiginleika þeirra, eru sambærilegir öðrum áfengum drykkjum eins og bjór og maltdrykkjum. Neysla þessarar drykkja getur því talist valkostur í stað neyslu annarra áfenga drykkja, einkum bjórs og maltdrykkja. Aukin váhrif af völdum brennisteinsdíoxíðs og súlfíta (E 220–228) og própan-1,2-díólgínats (E 405) á grundvelli þessarar nýju notkunar verða áfram takmörkuð og munu ekki leiða til aukinnar heildarinntöku. Því er rétt að leyfa notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) og própan-1,2-díólgínati (E 405) sem froðustöðgara í gerjuðum drykkjum sem eru að stofni til úr þrúguþykkni.

- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) sem rotvarnarefnum og própan-1,2-díólgínati (E 405) sem froðustöðgara í gerjuðum drykkjum, sem eru að stofni til úr þrúguþykkni, telst vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 ⁽⁵⁾ gildir skráin yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, að meginreglu til frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun á brennisteinsdíoxíði og súlfítum (E 220–228) og própan-1,2-díólgínati í gerjuðum drykkjum, sem eru að stofni til úr þrúguþykkni, fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökuðag að því er varðar þessa notkun matvælaaukefnisins.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

⁽⁴⁾ http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_32.pdf

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO
